

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 28.4.2021
Tilvísun: 20210402835

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalda til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.) – 700. mál, þskj. 1179

Ríkisskattstjóri móttók þann 15. apríl sl. tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með ofangreindu frumvarpi eru m.a. lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyristrygginga, og afleiddar breytingar á öðrum lögum, þar með talið lögum nr. 111/2016, um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, og ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.).

Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda:

I. Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir aukinni sundurliðun lífeyrisiðgjalda við uppgjöf í staðgreiðsluskilum. Ríkisskattstjóri vill benda á að miðað við óbreytta framkvæmd væri best að þessi sundurliðun færi fram í gegnum skil á launaupplýsingum eflir tekjuárið en e.t.v. þyrfti að huga að því að gera sérstaka staðgreiðsluskilagrein fyrir útgreiðslur úr lífeyrissjóðum. Þetta verður tekið til skoðunar en ekki eru gerðar neinar tillögur um breytingar á frumvarpstextanum að þessu leyti.

II. Breyting á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, nr. 111/2016.

Ríkisskattstjóri vill taka fram að skilja verður frumvarpið á þann veg að engar breytingar séu fyrirhugaðar á hámarki úttektar og skiptingu hennar í tengslum við kaup á fyrstu íbúð, sbr. 4. gr. laga nr. 111/2016, þótt heimild verði til að taka út bæði viðbótarlífeyrissparnað og tilgreinda séreign.

Í 11. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting, hvað varðar rétthafa samkvæmt lögum nr. 111/2016, að þeim sem ekki hafa átt íbúðarhúsnæði á samfelldu 5 ára tímabili (áður en sótt er um ráðstöfun séreignarsparnaðar) er heimilað að nýta sér úrræði laganna. Sett eru tvö skilyrði; annars vegar að ekki hafi verið fullnýttar heimildir til ráðstöfunar á skattfrjálsum séreignasparnaði og hins vegar að tekjuskattsstofn ad meðtöldum fjármagnstekjum hafi ekki numið hærri fjárhæð en skatthlutfall miðast við skv. 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. tekjuskattslaga á síðast liðnu tekjuári.

Ríkisskattstjóri telur tilefni til þess að benda á að tekjumörk þau sem hafa skal til viðmiðunar liggja ekki fyrir fyrir en í fyrsta lagi óstaðfest að loknum framtalsskilum í fyrri hluta marsmánuðar. Það er svo við lok álagningar þ.e. í lok maí ár hvert sem að ríkisskattstjóri getur staðfest að skilyrði séu uppfyllt. Ljóst er því að afgreiðsluferill erinda nýrra réttthafa á grundvelli þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru með 11. gr. frumvarpsins hljóta að taka mið af framangreindu, þ.e. í þeim tilvikum að óskað er eftir heimild til ráðstöfunar fyrri hluta tekjuárs.

III. Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Í 28. gr. tsl. er fjallað um hvað ekki teljist til tekna þrátt fyrir ákvæði II. kafla laganna um skattskyldar tekjur. Í 12. tölul. kemur fram að ekki skuli telja til tekna:

„Úttekt viðbótariðgjalds af iðgjaldsstofni manna skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ef öll skilyrði laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð eru uppfyllt.

Heimild manna takmarkast við allt að 4% framlag þeirra af iðgjaldsstofni, að hámarki 333 þús. kr., og allt að 2% framlag launagreiðanda, að hámarki 167 þús. kr., af iðgjaldsstofni, samanlagt að hámarki 500 þús. kr. fyrir tólf mánuði [á almanaksári] 14) á samfelldu tíu ára tímabili, sbr. 4. gr. laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Ef útgreiðsla séreignarsparnaðar fer fram úr því hámarki telst það sem er umfram til skattskyldra tekna á greiðsluári.“

Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um að nýr tölul. bætist við greinda 28. gr. Ríkisskattstjóri telur að betur gæti farið á því að aðlaga texta og breyta því sem fyrir er í 12. tölul. ákvæðisins fremur en að auka við sjálfstæðum tölul.

Með slíkum breytingum gæti 13. gr. frumvarpsins orðið svohljóðandi:

„Við 12. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama á við um úttekt tilgreindrar séreignar af iðgjaldsstofni manns skv. I. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ef skilyrði laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð eru uppfyllt.

Heimild manns takmarkast þó við allt að 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. þó 4. gr. laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Ef útgreiðsla á séreignarsparnaði fer fram úr hámarksfjárhæðum 4. gr. laga um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð telst það sem er umfram til skattskyldra tekna á greiðsluári.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessa tölulíðar.“

IV. Um áhrif frumvarpsins og gildistöku.

Ríkisskattstjóri sér ástæðu til að vekja athygli á kafla 6.3. í mati á áhrifum frumvarpsins en þar segir m.a.:

„Gera má ráð fyrir að frumvarpið fjölgi verkefnum hjá Skattinum með tilliti til þess að það kveður á um nýjar heimildir til að ráðstafa séreignarsparnaði til kaupa á fyrstu fasteign og tekur til stærri hóps réttthafa. Ekki liggur fyrir endanlegt kostnaðarmat vegna þessa. Verði

frumvarpið að lögum verða gerðar auknar kröfur til upplýsingagjafar lífeyrissjóðanna til Skattsins, meðal annars um sundurliðun á ráðstöfun á lífeyrisiðgjaldi.“

Ríkisskattstjóri tekur undir að flækjustig við framkvæmd skattlagningar, eftirlit og umsýslu við ráðstöfun skattfrjáls lífeyrissparnaðar mun aukast töluvert með þessum breytingum, og leiða þær af sér umtalsverðar kerfisbreytingar sem bæði krefjast vinnuframlags tæknimanna og annarra sérfræðinga Skattsins, og leiða af sér beinan kostnað.

Samkvæmt 20. gr. frumvarpsins er lögnum ætlað að taka gildi hinn 1. október nk. Ríkisskattstjóri telur alveg útilokað að gera ráð fyrir því. Bæði er að breytingar krefjast undirbúnings og tíminn til breytinga er skammur, en jafnframt myndi gildistaka inni á tekjuári leiða til óþarfa flækja m.a. í útreikningum og meiri sundurliðana í skattframtölum. Hægt er að komast hjá þessu með því að gildistakan verði 1. janúar 2022. Verði af slíkri breytingu þá þyrfti eftir atvikum í því samhengi að horfa til ákvæða 15. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra


Elin Alma Arthursdóttir


Helga Valborg Steinarsdóttir